

Bláskógabyggð  
Ellisif Malmo Bjarnadóttir  
Félagsheimilinu Aratungu  
801 Selfoss

Reykjavík, 18. júlí 2023  
UST202306-486/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027 - íshelli í Langjökli**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 30. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027 fyrir íshelli í Langjökli.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreina afþreyingar- og ferðamannasvæði á Langjökli þar sem fyrirhugað er að gera manngerðan íshelli sem áfangastað fyrir ferðamenn. Gert verður ráð fyrir aðkomu og slóða að hellinum og í deiliskipulagi fyrir svæðið verður nánari útfærsla íshellisins verður tilgreind.

### **Óbyggð víðerni**

Í 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, er fjallað um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni, í e. lið. 1. mgr. segir: „Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.“

Í greinargerð kemur fram að breytingin á aðalskipulaginu felur í sér að skilgreina afþreyingar- og ferðamannasvæði, m.a. fyrir jeppa og vélsleðaferðir allt árið um kring. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum þar sem hægt sé að njóta einveru og náttúrunnar án truflunar umferðar vélknúinna farartækja.

Umhverfisstofnun bendir því á mikilvægi þess að það komi fram hver áhrif starfseminnar er á óbyggð víðerni.

### **Stjórn vatnamála**

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögumum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna í tillöggunni og vill stofnunin benda á vefsíðuna [www.vatn.is](http://www.vatn.is).

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Til þess að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir voru formlega staðfestar þann 4. apríl 2022 af umhverfis- og orkumálaráðherra. Áætlanirnar gilda sex ár í senn en þær er hægt að finna á vef Umhverfisstofnunar: <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaaetlun-2022-2027/>. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er á sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>.

Þungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Rakel Sæmundsdóttir

***sérfræðingur***